

**Ná.**

**303. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Frá Ingólfi Bjarnarsyni og Jóni Sigurðssyni.

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Á eftir öðrum málslíð 3. gr. laganna komi þrír nýir málslíðir, svo bljóðandi:

Þó skal hreppsfjlagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögsmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.